



bkr.is

FRÉTTIR

MYNDIR FRÁ STARFINU

Yfirlit fréttabréfsins

Á síðasta ári var tekin upp sú nýjung að senda reglulegt fréttabréf til félagsmanna aðildarfélaga BKR til þess að styrkja upplýsingaflæðið um starfsemina. Hér má sjá yfirlit yfir helstu viðburði sem BKR hefur staðið fyrir síðustu mánuði.

Ný stefnuskrá

Á ársþingi BKR 2014 var samþykkt ný stefnuskrá fyrir Bandalag kvenna í Reykjavík sem byggir á lögum og reglum BKR, sögu félagsins og þeirri stefnumótun sem hefur verið unnin að undanförmu. Í stefnuskránni er leitast við að skilgreina nánar áherslusið bandalagsins og sameiginlega framtíðarsýn.

Opinn fundur um börn og nútímasamfélag

(BKR) stóð fyrir opnum fundi um börn og nútímasamfélag á Hótel Reykjavík Natura miðvikudaginn 28. maí 2014. Þar var til umræðu hvaða umhverfi við erum að skapa börnunum okkar, viðverutími barna hjá dagforeldrum og í leikskólum og hugmyndir um styttingu vinnudagsins sem lið í samþættingu atvinnu- og fjölskyldulífs.

Vinnustofa um sjálfboðastarf og tengslanet

Bandalag kvenna í Reykjavík í samstarfi við Dale Carnegie og Festu – samfélagsábyrgð

fyrirtækja, stóð fyrir vinnustofu í dag undir yfirskriftinni "Sjálfböðastarf og tengslanet".

Námskeið um fundarsköp og fundarstjórn

BKR bauð félagskonum aðildarfélaganna að taka þátt í námskeiði um fundarsköp og fundarstírn.

Opinn fundur um konur og fjölmiðla 12. September

Bandalag kvenna í Reykjavík í samstarfi við MARK (Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna), HÍ námsbraut í blaða- og fréttamennsku og Félag fjölmiðlakvenna mun standa fyrir opnum fundi um hlut kvenna í fjölmiðlum. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 12. september kl. 15-17 í Háskóla Íslands (Oddi 101). Velferðarráðuneytið styrkir viðburðinn.

100 ára afmæli kosningaréttar kyenna á Íslandi 2015

Megináherslan er lögð á að virkja grásrótsamtök kvenna, jafnréttis- og stjórnmálasamtök og hvetja þau til að láta sig varða og styðja málefni kvenna og jafnrétti og efna í því skyni til atburða og verkefna til að minnstað þeirra merku tímamóta sem kosningarétturinn markaði.



VIÐURKENNINGAR BKR 2014

Á ársþingi BKR 2014, afhenti BKR í fyrsta sinn viðurkenningar bandalagsins til aðila sem starfa að áherslusiðum og markmiðum félagsins. BKR telur mikilvægt að vekja athygli á því góða starfi sem unnið er á öllum sviðum samfélagsins.



Opinn fundur um börn og nútímasamfélag

Fundarstjóri, fyrirlesarar og þátttakendur í pallborðsumræðum á opnum fundi um börn og nútímasamfélag ásamt formanni BKR.

Ný stefnuskrá BKR

Á ársþingi BKR 2014 var samþykkt ný stefnuskrá fyrir Bandalag kvenna í Reykjavík sem byggir á lögum og reglum BKR, sögu félagsins og þeirri stefnumótun sem hefur verið unnin að undanfögnu. Í stefnuskránni er leitast við að skilgreina nánar áherslusvið bandalagsins og sameiginlega framtíðarsýn.

STEFNUSKRÁ BANDALAGS KVENNA Í REYKJAVÍK

Hlutverk

Bandalag kvenna í Reykjavík (BKR) hefur frá upphafi verið öflugt félag með bætta stöðu kvenna og uppbyggingu samfélagslegrar þjónustu að leiðarljósi, með áherslu á mennta-, fjölskyldu- og velferðarmál. BKR og aðildarfélögin hafa ætíð haft frumkvæði að því að bera kennsl á samfélagsleg málefni sem þarfnast nánari skoðunar og leitað nýrra leiða til þess að mæta þörfum samfélagsins. BKR hefur ávallt byggt á kraftinum sem felst í áræðni, virku tengslaneti og vilja kvenna til góðra verka.

Markmið BKR er að stuðla að jafnræði til náms óháð efnahagslegri og félagslegri stöðu, vinna að jafnréttis-, velferðar- og fjölskyldumálum og hvetja til opinberrar umræðu á þeim sviðum, sem og að standa fyrir menningar- og fræðslustarfsemi.

Aðild að bandalaginu eiga félög kvenna, sem og blönduð félög karla og kvenna, er starfa að markmiðum þess á höfuðborgarsvæðinu.

Framtíðarsýn

BKR verði einn helsti vettvangur framsækinnar umræðu um málefni sem tengjast konum og börnum, þar sem ólík félög á höfuðborgarsvæðiinu eigi samstarf og beini í sameiningu sjónum að þörf fyrir breytingar og knýi á um framkvæmd verkefna í þágu jafnréttis-, velferðar-, fjölskyldu-, mannúðar- og menntamála. BKR leggi áherslu á kynningu og samstarf aðildarfélaganna og umræðu um þá málaflokka sem falla undir áherslusvið bandalagsins, m.a. með opnum fundum og veitingu rannsóknarstyrkja.

BKR sinni hagsmunagæslu fyrir félagasamtök og styðji við starfsemi aðildarfélaganna með námskeiðahaldi og ráðgjöf. BKR leggi sömuleiðis áherslu á samstarf við önnur frjáls félagasamtök, fagfélög, atvinnulífið og opinbera stjórnsýslu á áherslusviðum bandalagsins.

Áherslusvið

Áherslusvið BKR mótast af þeim félögum sem starfa innan bandalagsins. Sérþekking innan félagsins liggur því í málefnum sem tengjast konum og börnum.



Stuðningur við rannsóknir á áherslusviðum BKR er mikilvægur til þess að beina sjónum að málefnum sem fengið hafa takmarkaða athygli og þar sem vinna þarf að úrbótum.

ÁHERLSUMÁL BKR

Áherslusvið BKR mótast af þeim félögum sem starfa innan bandalagsins. Sérþekking innan félagsins liggur því í málefnum sem tengjast konum og börnum.

Framkvæmdaáætlun

Stjórn BKR gerir framkvæmdaáætlun til tveggja ára í senn í samræmi við stefnu bandalagsins. Þessi framkvæmdaáætlun skal endurskoðuð árlega.

Stefna BKR skal vera í stöðugri þróun og endurskoðun.

Samþykkt á 98. þingi Bandalags kvenna í Reykjavík

8. mars 2014

Eftirtalin málefni eru stefnumál BKR (í stafrófsröð):

Aðbúnaður barna í nútímasamfélagi, m.a. skólamál og dagvistun barna, Hagsmunamál góðgerðasamtaka, Heilbrigðismál - konur og börn, Jafnréttismál, Mannúðar- og líknarmál, Málefni aldraðra, Menntamál, Neytendamál, Nýsköpun í íslenska velferðarkerfinu og samfélagslegri þjónustu, Samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs, Umhverfismál

MYNDIR FRÁ OPNUM FUNDI UM BÖRN OG NÚTÍMASAMFÉLAG




Fundarstjóri og pallborðsumræður



Mjög góð mæting var á fundinn

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR



29. Mynd: Fjöldi barna og viðvera í leikskólum 1998–2012

Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi barna og viðverutími í leikskólum 1998–2012

MIKIÐ LENGÐUR VIÐVERUTÍMI BARNNA Á LEIKSKÓLUM FRÁ ÁRINU 1998

Frá árinu 1998 hefur viðveru tími barna margfaldast og flest börn eru nú 7-10 klst í leikskóla á dag. Rannsóknir sýna að hvert barn er 1.996 tíma í leikskóla á ári en 998 tíma í grunnskóla. Til að skila fullri vinnuskyldu þarf hver launamaður að skila 1800 vinnuskyldustundum og lágmarks orlof er 196 vinnuskyldustundir. 100% vinna og sumarorlof er sambærilegt meðalviðveru BARNNA Á ÁRI Í LEIKSKÓLUM.



Opinn fundur um börn og nútímasamfélag

Bandalag kvenna í Reykjavík (BKR) stóð fyrir opnum fundi um börn og nútímasamfélag á Hótel Reykjavík Natura miðvikudaginn 28. maí 2014. Þar var til umræðu hvaða umhverfi við erum að skapa börnunum okkar, viðverutími barna hjá dagforeldrum og í leikskólum og hugmyndir um styttingu vinnudagsins sem lið í samþættingu atvinnu- og fjölskyldulífs.

Fundarstjóri var Margrét Pála Ólafsdóttir, höfundur Hjallastefnunnar, og flutti hún jafnframt opunarávarp. Margrét Pála þakkaði BKR fyrir að taka af skarið með þarfa umfjöllun um börn og það samfélag sem við höfum byggt upp.

Að mati Margrétar Pálu hentar núverandi fyrirkomulag börnum ekki sérstaklega vel og samfélagið er ekki nægilega meðvitað um stöðuna. Margt gott er gert, þó taka mætti umræðuna með jákvæðari hætti. Börn þurfa í auknum mæli tíma foreldranna, næði og frið. Nútímasamfélag gerir miklar kröfur til barna og foreldra, ekki síst vegna aukinnar samkeppni á atvinnumarkaði og kröfur um hærra menntunarstig sem leiðir til þess að samhliða fullu starfi eru foreldrar oft í námi. Auk þessa eru kröfur um metnaðarfullan starfsferil, fallegt heimili, frábært félagslíf og lífsgæði sem fela í sér utanlandsferðir og fleira. Margrét Pála spurði hvað þetta þýði fyrir börnin.

Hið nýja gull Vesturlanda sé tíminn – allir keppast um tímann. Börn sem fá allar heimsins gjafir og efnalega velsæld fá oft minnst af þessari gjöf frá fjölskyldunni; tíma, næði og frið.

„Sparsemi í umönnun ungra barna kann að líta vel út í excel skjali en það er einungis vegna þess að dæmið sé ekki reiknað til enda.“

Að loknu opunarávarpinu fjallaði Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinin og höfundur bókarinnar Árin sem enginn man, um kröfur samfélagsins til ungra barna. Sæunn þakkaði BKR fyrir að opna á mjög svo tímabæra umræðu um börn í nútímasamfélagi en að mati Sæunnar höfum við í langan tíma veigrað okkur við að ræða hlutskipti ungra barna. Ástæður þessa taldi Sæunn vera að við viljum forðast bakslag í jafnréttisbaráttunni, viljum ekki vekja sektarkennd hjá foreldrum og í þriðja lagi viljum við sem minnst vesen. Þetta hefur valdið tregðu til þess að horfa á þarfir barna og að leita nýrra leiða til þess að mæta þeim.

Hún vakti máls á því að samfélagið telji lausnina vera þá að byggja nógu marga leikskóla með sem yngstum börnum, til þess að foreldrarnir geti unnið sem mest og áhyggjulaus sinnt öðrum hugðarefnum.

Sæunn hefur sérstaklega sinnt málefnum yngstu barnanna og fjölskyldum þeirra. Í erindi Sæunnar kom fram að hún hefur efasemdir um ungarnaleikskóla. Hugmyndin þar að baki sé ekki slæm en við höfum ekki sýnt fram á getu okkar til þess að skapa innan leikskólanna „barnsæmandi“ skilyrði.

Í erindi sínu fjallaði Sæunn um þroska heilans, tilfinningaþroska ungra barna, og mikilvægi tilfinningalegra tengsla og ánægjulegra samskipta við umsjónaraðila. Þá hafi langvarandi aðstæður sem skapa streitu hjá ungum börnum áhrif á ónæmiskerfi þeirra og sé barn í viðvarandi aðstæðum sem veldur hræðslu eða kvíða geti það valdið skorti á einbeitingu og aukinni hættu á streitutengdum sjúkdómum, kvíða og þunglyndi, á seinni aldursskeiðum. Það er streituvaldandi fyrir börn að þeim sé ætlaður meiri þroski en þau standa undir – felur í sér að við gerum til þeirra kröfur sem þau ráða ekki við.

Í samræðum við leikskólakennara undanfarin ár hefur Sæunn orðið vör við þungar áhyggjur þeirra af þróun leikskóla – börnin séu of ung og of mörg, þau dvelja í leikskólunum með of fáu starfsfólki, sem margt hvert vantar fagþekkingu og staldrar stutt við.

Foreldrar og samfélagið þarf að horfast í augu við þá staðreynd að það þarf að sinna börnum og það tekur tíma. Að öllu jöfnu eru foreldrar best til þess fallnir og því mikilvægara að lengja fæðingarorlofið heldur en að fjölga plássum á ungbarnaleikskólum. Einnig þurfa foreldrar að vera meðvitaðir um þarfir barna sinna þegar þau forgangsraða tíma sínum. Það þurfi að gera foreldrum kleift að skoða hvað hentar hverju og einu barni og hvað henti þeim sem fjölskylda.

„Góðærið fór illa með leikskólann og kreppan gerði það líka“

Kristín Dýrfjörð, dósent við Háskólann á Akureyri, ræddi áhrif ytra umhverfis leikskólans á veruleika barna og hvernig leikskólarnir hafa verið að þróast kerfislega síðustu ár.

Í erindi Kristínar kom fram mat hennar að leikskólar séu góðir fyrir börn ef vel er að honum staðið. M.a. þurfi að huga að fermetrafjölda á barn og fjölda barna á starfsmann. Í umræðum um aðbúnað barna er sjaldan rætt um að láta börnin njóta vafans né séu nauðsynlegar rannsóknir gerðar á umhverfi þeirra og niðurstöður þeirra látnar ráða för.

Kristín benti á að stærsta breytingin inni á leikskólunum á undanförunum árum hafi átt sér stað hjá eins og tveggja ára börnum, en þeim hefur fjölgað mikið og hratt á leikskólum síðastliðin ár. Þá fái leikskólabörn í dag minna pláss í fermetrum talið en fyrir rúmum tveimur áratugum. Húsnæði margra leikskóla hafi ekkert breyst eða stækkað en samt hefur plássunum fjölgað gríðarlega. Eftir að ný lög um leikskóla voru sett árið 2008 er hvorki hámark barnafjölda á starfsmann né lágmarksfjöldi fermetra í gildi á Íslandi. Kristín telur að okkur hefur farið aftur og það á kostnað barnanna. Vinnuaðstæður margra kennara séu í dag óviðunandi og meðal annars hafi dregið úr afleysingum eftir hrun.

Kristín fjallaði um að í dag greiði foreldrar að jafnaði 20% raunkostnaðar og hefur hún talað fyrir hugmyndum um að fyrstu 6 tímar barns í leikskóla séu gerðir gjaldfrjálsir en foreldrar greiði fyrir tímana sem þeir þurfi aukreitis, þ.e. 7., 8. og 9. tímann.

Ágreiningur um áherslur og leiðir

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og fulltrúi BSRB í vinnuhópi velferðarráðuneytisins um samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu, fjallaði um niðurstöður vinnuhópsins sem skilað var fyrir hluta árs 2013.

Vinnuhópurinn taldi að könnun á hagkvæmni þess að stytta vinnuvikuna félli ekki vel að öðrum verkefnum hópsins. Vinnuhópurinn taldi málið þarfnast sérstakrar rannsóknar og dýpri umræðu á öðrum vettvangi, m.a. vegna þess að stytting vinnuvikunnar tengist kjarasamningum á almennum og opinberum vinnumarkaði. Lagt var til að skipuð yrði sérstök nefnd sem eingöngu hefði það verkefni að fjalla um styttingu vinnuvikunnar. Þessi nefnd hefur ekki enn verið skipuð.

Vaktavinnustéttir, t.d. innan BSRB, lögðu í nýlegum kjarasamningum áherslu á styttingu vinnudagsins en sú hugmynd fékk ekki hljómgrunn. Að loknum samningnum er sú hugmynd hvergi á blaði. Kennarar fárra stétta hafa haft sveigjanlegan vinnutíma, en hafa verið að semja þau réttindi af sér jafnt og þétt.

Gunnar nefndi nokkrar mögulegar leiðir til bóta til að auðvelda samþættingu atvinnu og fjölskyldulífs, þ.á.m. styttingu vinnuvikunnar, sveigjanlegan vinnutíma, breytt viðhorf gagnvart löngum viðverutíma á vinnustað, og mannsæmandi laun fyrir dagvinnu.

Af hverju eiga börnin og leikskólarnir alltaf að koma til móts við atvinnulífið - er ekki kominn tími til að atvinnulífið komi til móts við þarfir barnanna og barnafjölskyldna?

Að loknum voru pallborðsumræður þar sem Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, og Sveinn S. Kjartansson, formaður Félags foreldra leikskólabarna, tóku þátt. Áhersla var lögð á að efla þurfi umræðuna um velferð ungra barna og þann raunveruleika sem ríkir innan leikskólanna.

Áhyggjur voru af lengdum viðverutími barna í leikskólum og fjölgun barna sem eru upp í 9 tíma í leikskóla á dag. Breyta þurfi viðhorfinu að leikskólinn eigi ávallt að koma til móts við þarfir foreldranna og atvinnulífið og að tími sé kominn til þess að atvinnulífið komi til móts við þarfir barna og barnafjölskyldna.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Sjá heimasíðu BKR, bkr.is

Vinnustofa um sjálfböðastarf og tengslanet

Bandalag kvenna í Reykjavík í samstarfi við Dale Carnegie og Festu – samfélagsábyrgð fyrirtækja, stóð fyrir vinnustofu þann 4. apríl 2014 undir yfirskriftinni "Sjálfböðastarf og tengslanet".

Vinnustofan var mjög vel sótt og góðar umræður sköpuðust um þátttöku einstaklinga í samfélagsverkefnum og ávinning, hvaða tækifæri eru fyrir hendi, hvaða atriði geta hindrað þátttöku og hvernig megi bregðast við þeim þáttum.

Stjórnendur vinnustofunnar voru Halldóra Proppé frá Dale Carnegie og Ketill B. Magnússon frá Festu – samfélagsábyrgð fyrirtækja og fjölluðu þau um þátttöku í sjálfböðaliðastörfum og ávinninginn af þátttöku – t.d. að efla tengslanetið og læra að virkja það, öðlast nýja reynslu, aukin hamingja og að gefa af sér. Einnig var rætt um borgaralega ábyrgð einstaklinga og þátttöku í samfélagsuppbyggingu og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Þátttakendur vinnustofunnar leystu af hendi einfalt verkefni sem snéri að því hvernig viðkomandi gæti best nýtt krafta sína í samfélagsstörfum og finna út á hvaða vettvangi þeir vildu helst starfa. Æfingin fól m.a. í sér að þátttakendur settu niður á blað þrjá styrkleika sem þeir eru gæddir, þrjú atriði sem viðkomandi hefur gaman að og þrjá málaflokka sem þátttakendur hefðu áhuga á að starfa í tengslum við.

Við þökkum þátttakendum vinnustofunnar kærlega fyrir þátttökuna og hvetjum ykkur til þess að hafa samband við BKR ef einhverjar spurningar kvikna um sjálfböðastörf og þátttöku í samfélagsverkefnum.



Námskeið um fundarsköp

BKR bauð félagskonum aðildarfélaganna að taka þátt í námskeiði um fundarsköp og fundarstjórn fimmtudaginn 30. janúar í sal Hallveigarstaða, Túngötu 14. Fjallað var almennt um lykilatriði í fundarstjórn, og þátttakendur gera verklegar æfingar í fundarritun og fundarstjórn. Námskeiðið var ætlað öllum þeim sem hafa áhuga á að kynna sér betur og skerpa á grunnatriðum fundarskapa og gagnaðist ekki síður þeim sem vildu fá aukið sjálfstraust í þátttöku á fundum þar sem reglurnar gilda.

Mynd: Ingibjörg Vigfúsdóttir frá Powertalk International, leiðbeinandi námskeiðsins



Opinn fundur um konur og fjölmiðla, 12. september

Bandalag kvenna í Reykjavík í samstarfi við MARK (Miðstöð margbreytileika og kynjarannsóknar), HÍ námsbraut í blaða- og fréttamennsku og Félag fjölmiðlakvenna stóð fyrir opnum fundi um hlut kvenna í fjölmiðlum. Fundurinn var haldinn föstudaginn 12. september kl. 15-17 í Háskóla Íslands (Oddi 101). Velferðarráðuneytið styrkti viðburðinn.

BKR styrkti MA rannsókn um konur í fjölmiðlum árið 2013 og liggja niðurstöður þeirrar rannsóknar nú fyrir en rannsakandinn kemur m.a. inn á starfsumhverfið á RÚV og 365. Arnildur Hálfðánardóttir verður með eitt af 3 erindum fundarins en hér má sjá umfjöllun um niðurstöður rannsóknar hennar: Umfjollun.mbl.is

[Og hér má nálgast ritgerðina í heild sinni.](#)

Meðfylgjandi er dagskrá fundarins:

Arnildur Hálfðánardóttir: Aðgengi eða áhugi? Munur á efnistöfum og vægi fréttar eftir karla og konur. Kynning á niðurstöðum MA rannsóknar.

Þórdís Lóa, formaður FKA, stutt kynning á fjölmiðlaverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

"Batnandi konum er best að lifa".

Upplifunarfrásögn - hvað lesa ungar konur úr skilaboðum fjölmiðla. Hildur Knútsdóttir, rithöfundur

Pallborð: Fyrirlesarar, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, fyrrverandi aðstoðarritstjóri DV frá Félagi fjölmiðlakvenna, Sigríður Hagalín Björnsdóttir, varafréttastjóri RÚV og Hrund Þórsdóttir, fréttamaður á Stöð 2.

Fundarstjóri var Sigríður Dögg Auðunsdóttir, ritstjóri Fréttatímans og stofnandi Inspiral.ly.

Nánari upplýsingar um umræður og erindi í næsta tölublaði fréttabréfs BKR.



Arnildur Hálfðánardóttir, styrkhafi ásamt Gyðu Pétursdóttur, leiðbeinanda og Ingibjörgu Rafnar Pétursdóttir, formanni BKR.

100 ára kosningaréttur kvenna 2015

Nú líður senn að merktum tímamótum í sögu og réttindabaráttu kvenna, 100 ára afmæli kosningaréttar og kjörgengis kvenna til Alþingis á næsta ári. Á síðasta kjörtímabili samþykkti Alþingi þingsályktun um að á næsta ári, 2015, yrði haldið upp á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Megináherslan er lögð á að virkja grasrótarsamtök kvenna, jafnréttis- og stjórnmálasamtök og hvetja þau til að láta sig varða og styðja málefni kvenna og jafnrétti og efna í því skyni til atburða og verkefna til að minnast þeirra merku tímamóta sem kosningarétturinn markaði. Afmælisnefnd hóf störf haustið 2013 en fjöldi fulltrúa jafnréttis- og kvennahreyfinga kom að stefnumótun fyrir afmælið.

Aðkoma BKR og aðildarfélaganna að viðburðum í tengslum við afmælisárið verður til umræðu á formannaráðsfundi BKR þann 16. október 2014.

Fréttabréf BKR Vertu með!

Túngötu 14
101 Reykjavík

Skrifstofa Bandalags kvenna í Reykjavík

Túngötu 14, 101 RVK

Netfang: bandalagkvennarvk@gmail.com

Heimasíða: bkr.is